



endurgreiðslu á kr. 273,25, fyrir missi akkeris og akkerisfestar frá ljósdufli varðskipsins, þar sem tjón þetta verður eigi talið til málskostnaðar og eigi verður séð af prófunum, að kærði hafi sérstaklega verið krafinn sagna um kröfu þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 100 kr. til hvors.

Það athugast, að eigi verður séð, að dómarrinn hafi látið dómtúlkinn vinna drengskaparheit áður en hann tók til starfa. Ennfremur athugast, að mikill dráttur hefir orðið á rekstri málsins, eftir að því var áfrýjað, en sú greinargjörð, sem gjörð hefir verið fyrir drættinum, þykir eftir atvikum ekki óviðunandi.

#### Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að sekt kærða ákveðst 16000 kr. og að skaðabótakrafan, kr. 273,25, fyrir akkeri og akkerisfesti falli niður. Sektin afplánist með átta mánaða einföldu fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Walter Harrison, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflytningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:  
Mál það, sem hér liggur fyrir, er höfðað af valdstjórnarinn-

ar hálfu gegn kærðum, Walter Harrison, skipstjóra á enska botnvörpunum »Castlethorp« H. 427 frá Hull, til heimilis 59 Belgrave Drive, Hull, fyrir brot á lögum nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, og eru mála-vextir þessir:

Fimmtudaginn 5. þ. m. var varðskipið »Ægir« á leið út með Langanesi að sunnanverðu, og sá þá kl. 1,30 árd. togara koma að norðan upp undir Langanestá, snúa þar við og halda út frá nesinu NNA.-læga stefnu, að því er virtist. Kl. 2,12 árd. hafði togari þessi numið staðar og var útlit fyrir, að hann væri í undirbúningi til veiða.

Kl. 2,31 árd. miðaðist Langanesviti í m/v VNV., og var það-an haldið á togarann í NA.-lægar stefnur, sem breyttust alltaf meira til austurs, og var það séð frá varðskipinu, að togarinn stýrði SA. og ASA.-lægar stefnur. Kl. 2,41 árd. var stöðvunar-merki gefið, og síðan skotið 3 lausum stöðvunarskotum með 3ja mínútna millibili, kl. 2,42, 2,45 og 2,48 árd. Kl. 2,49 var aftur gefið stöðvunarmerki með eimpípu varðskipsins og kall-að til togarans að nema staðar, og gjörði hann það. Kl. 2,50 árd. var böja látin út á hlið við togarann og samstundis mælt dýpi. Reyndist þetta að vera togarinn »Castlethorp« H. 427 frá Hull, sem kærður er skipstjóri á, og hafði bakborðsvörpu úti. Kl. 7,30 árd. var gjörð þessi staðarákvörðun hjá togaranum, þar sem hann lá hjá böju varðskipsins, sem látin var út, þegar komið var að honum:

∧ Ak. Viðvikurheiði 28° 30'

∧ Langanestá

Svinalækjartangi 41° 50'

Dýpi mælt 59 metrar, og gefur sá staður togarann 0,25 sm. utan landhelgislinunnar, en miðanir samtímis gerðar þar, sem Langanestáin er miðuð í m/v SV. t. V<sup>1</sup>/<sub>2</sub>V. og Svinalækjartangi í m/v V. t. N<sup>1</sup>/<sub>2</sub>N., gefa stað togarans 0,1 utan landhelgislinunnar.

Hvort kærði hefir gjörzt sekur í broti á l. nr. 5/1920 veltur á því, hvort hann var að toga á landhelgissvæðinu eitthvað af tímanum kl. 2,12 til kl. 2,49 árd. þ. 5. þ. m.

Kærði neitar þessu eindregið og byggir neitun sína aðal-lega á því, að hann hafi siglt út frá stað, sem var ca. <sup>3</sup>/<sub>4</sub> milu frá Langanesi, með Langanesvita m/v VSV., hafi þar og þá sett logg sitt á 0 og siglt út stefnuna NNA. og sett niður böju, þegar loggið sýndi tæplega 5 milur (4 og <sup>3</sup>/<sub>4</sub>), siglt »slow-

norðaustlæga stefnu í ca. 7 mínútur, meðan verið var að setja út bakborðsvörpu, siglt ANA. meðan verið var að slaka á og síðan stefnt í A. t. S<sup>1</sup>/<sub>2</sub>S.

Þessa neitun kærða, sem aðallega er byggð á því, hvað logg togarans hafi sýnt, að kærður hafi siglt langt út frá landi, en sem ekki styðst við neinar staðarmælingar, verður rétturinn að telja of óábyggilega og veigalitla til þess, að hún geti komið til greina gegn staðarmælingum, athugunum og samhljóða eiðfestum framburði skipherrans og stýrimannanna á varðskipinu »Ægir«, en samkvæmt þeim verður að telja sannað, — bæði eftir tíma þeim og stefnu þeirri, sem varðskipið sá skip kærða sigla á tímabilinu kl. 2,12—2,49 árd. 5. þ. m., og eftir þeim hraða, ca. 3 milur á klukkustund, sem telja má upplýst, að það hafi farið, þar sem það hafði bakborðsvörpu úti, miðað við staðinn, þar sem það var stöðvað —, að skip kærða hafi á umræddu tímabili verið inni á landhelgissvæðinu, með bakborðsvörpu úti, eins og segir í skýrslu skipherrans á »Ægir« og framburði hans og stýrimanna varðskipsins í lögreglurétti Þingeyjarsýslu 6.—10. þ. m.

Hinn kærði skipstjóri hefir játað, að eftir að hann var búinn að sigla út bakborðsvörpuna, hafi hann togað í áttina A. til S<sup>1</sup>/<sub>2</sub>S. í 20—30 mínútur, unz varðskipið setti leitarljós á skip hans og sendi viðvörðunarskot, en samkvæmt því hefði hann átt að vera a. m. k. eins langt inni á landhelgissvæðinu með vörpuna úti eins og segir í skýrslu varðskipsins, með tilliti til staðarins, þar sem hann var stöðvaður. Kærður hefir sjálfur bent varðskipinu á, hvar böja togarans væri, og með nákvæmum staðarmælingum varðskipsins, sem bæði eru gerðar kl. 5,48 árd. og kl. 10,00 árd. 5. þ. m., er það sannað, að böjan var á landhelgislinunni, og virðist þessi staðreynd ekki geta samrýmzt skýrslu kærða um siglingu hans eftir logginu út frá Langanesi, þar til böjan var sett í sjóinn, og benda til þess, að loggmæling sé hvorki ábyggileg né fullnægjandi.

Samkvæmt framanskráðu verður að teljast nægilega sannað í máli þessu, að kærði hafi gjörzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, og þar sem kærði hefir í október 1926 verið dæmdur fyrir samskonar brot og hér, er um ítrekun að ræða, en samkvæmt 5. gr. nefndra laga varðar fangelsi auk sekta. En þar sem telja má nægilega upplýst í málinu, að kærði hefir talið sig vera utan landhelgislinunnar, þar sem hann togaði með öllum ljósum skipsins uppi 5. þ. m. og sagði

